



Nefndasvið Alþingis
nefnadasvid@althingi.is

Kópavogi 18. nóvember 2019.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara, 22. mál, þingmannatillaga.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 26. september 2019 þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara, 22. mál 150. löggjafarþingi.

Um er að ræða tillögu um að heilbrigðisráðherra beiti sér fyrir því að þunglyndi eldri borgara verði sérstaklega rannsakað og umfang þess metið. Skipuð verði nefnd sem hefur þetta hlutverk.

LÍ telur rannsóknun af þessum toga jákvæða og fagnar því sérstaklega að í nefnd sem falið verði verkefnið verði fulltrúi frá félaginu. LÍ telur hins vegar óraunhæft að gera ráð fyrir að niðurstöður geti legið fyrir 1. júní 2020.

Verði eftir því óskað er LÍ að sjálfsögðu tilbúið til að senda fulltrúa félagsins á fund velferðarnefndar til að ræða tillöguna.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar LÍ,

Reynir Arngrímsson, formaður